

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar, nr. 773/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í bæjarstjórn, nefndum og ráðum á vegum bæjarins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Garðabæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

55. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem bærinn á aðild að.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög eða reglur mæla fyrir um:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

B. **Til tveggja ára.** Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í:

1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
2. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/2002 um barnavernd og lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
2. *Íþrótt- og tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt reglugerð samþykktri í bæjarstjórn 26. nóvember 1987.
3. *Yfirkjörstjórn Garðabæjar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021.
4. *Leikskólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
5. *Menningar- og safnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júní 2002 og 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.
6. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
9. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.
10. *Stjórn Hönnunarsafns Íslands.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. nóvember 2013 og staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 5. febrúar 2014.

- D. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:
1. *Almannavarnarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
 2. *Bláfjallanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga.
 3. *Fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.* Fjórir fulltrúar samkvæmt 6. gr. samþykktu samtakanna frá 2. desember 2016.
 4. *Heilbrigðisnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara. Bæjarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina samkvæmt 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 5. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. samþykktu um Samband íslenskra sveitarfélaga frá 21. maí 2021.
 6. *Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt starfsreglum nefndarinnar frá 6. september 2013.
 7. *Stjórn Styrktarsjóðs Garðasóknar.* Einn aðalmaður og annar til vara.
 8. *Stjórn Reykjanesfólkvangs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga.
 9. *Stjórn SSH.* Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn samkvæmt samþykktum samtakanna frá 2. desember 2016.
 10. *Stjórn SHS.* Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
 11. *Öldungaráð.* Sjö aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 37/2018. Sjá einnig 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.
 12. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks.* Sex aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2018. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.
- E. **Til fjögurra ára.** Á fundi ári eftir reglulegar bæjarstjórnarkosningar:
1. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. janúar 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafdís Gísladóttir.